

1. fundur stjórnar, þriðjudaginn 9. maí kl. 17.00

Mættir: Arnar Ólafsson, Formaður, Kristinn Arason, Kristín Ívarsdóttir, Hulda Árnadóttir, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir og Sólveig Jónsdóttir ritar fundargerð.

1. Verkaskipting stjórnar

Kristinn Arason, varaformaður
Þór Ólafsson, gjaldkeri
Kristín Ívarsdóttir, ritari
Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, meðstjórnandi
Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, meðstjórnandi
Hulda Árnadóttir, meðstjórnandi

2. Fundartímar stjórnar

Þriðjudagar kl. 17.00 – annar hver þriðjudagur
Næstu fundir:

- 9. maí
- 23. maí
- 6. júní
- 20. júní
- hlé (4. júlí, 18. júlí, 1. ágúst)
- 15. ágúst
- 29. ágúst

3. Yfirferð þingtillagna sem vísað var til stjórnar frá Fimleikapeingi 2017

Þingskjal 6 – vísað til skrifstofu, mótastjóra

Þingskjal 7 – vísað til skrifstofu, mótastjóra

Þingskjal 8 – vísað til tækninefndar í hópfimleikum, skrifstofan er nefndinni innan handar.

Þingskjal 9 – Tillaga Fimak – vísað til skrifstofu, mótastjóra – niðurstaða kynnt í kröfum móta fyrir 15. ágúst.

Þingskjal 10 – vísað til heilbrigðisnefndar FSÍ

Þingskjal 11 – vísað til skrifstofu til úrvinnslu – fyrir 15. júní

Þingskjal 12 – tekur tillöguna fyrir og leggur til að haldist óbreytt með það að markmiði að reyna að lækka kostnað fyrir landsliðskeppendur.

Þingskjal 18 – vísað til skrifstofu til úrvinnslu með tækninefnd.



Áskorun frá Stjórnunni til stjórnar FSÍ um yfirtöku dómaragreiðsla, skrifstofa FSÍ mun taka fyrir dómaragreiðslur haustið 2017

4. Verkefnastaða skrifstofu

Farið var yfir verkefnastöðu sambandsins til skemmri tíma. Fjallað um afreksmál, starfsmannamál, reglugerðir, mótamál, fræðslumál og kynningamál og staða verkefna kynnt stuttlega.

Sæunn hefur sagt upp störfum hjá sambandinu sem bregðast þarf við. Afrekssjóður hefur stækkað og þörf fyrir fastan starfsmann í afreksmál orðin brýnni.

5. Þakkir

Sunna Sigurðardóttir gjaldkeri stjórnar gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Fimleikasambandið þakkar henni yfir vel unnin störf í þágu sambandsins 2014-2017.

